

**SAMÞYKKT****um kjör fulltrúa í Ásahreppi og greiðslur fyrir nefndarstörf****I kafli***1. gr.**Markmið*

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er að fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins sbr. 25. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Ásahrepps, og njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.

Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

*2. gr.**Skilgreiningar*

Samþykkt þessi fjallar um hreppsnefndarfulltrúa Ásahrepps og varamenn þeirra sem kjörnir eru í almennum sveitastjórnarkosningum. Enn fremur um fulltrúa í nefndum sveitarfélagsins og varamenn þeirra:

- a) Hreppsnefnd
- b) Fastanefndir
- c) Aðrar nefndir og stjórnir
- d) Sérstakar nefndir hreppsnefndar og fundarsetur sem ekki falla undir ofangreint

Almenn skilgreining á fundi er sú að löglega sé til hans sé boðað samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps, með dagskrá og að rituð sé fundargerð sem skilað er til hreppsnefndar.

**II. kafli****Um starfskjör hreppsnefndarfulltrúa***3. gr.**Grunnlaun hreppsnefndar*

Hreppsnefndarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 8% af þingfararkaupi á mánuði eins og það er hverju sinni.

Varamenn í hreppsnefnd fá 4% af þingfararkaupi.

Oddviti hreppsnefndar fær 25 % af þingfararkaupi.

*4. gr.**Laun í orlofi*

Hreppsnefndarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan sumarleyfi hreppsnefndar stendur.

*5. gr.**Hreppsnefndarfulltrúi hverfur úr hreppsnefnd*

Greiðslur falla niður við lok kjörtímabils eða þegar hreppsnefndarfulltrúi hverfur úr hreppsnefnd af öðrum ástæðum.

*6. gr.**Fundir ráðstefnur, málþing og fleira sem varðar hagsmuni sveitarfélagsins almennt*

Aðalmönnum í hreppsnefnd er heimilt að sækja um greiðsluþátttöku sveitarfélagsins vegna þátttöku á fundum, ráðstefnum, málþingum eða öðrum viðburðum sem snerta viðfangsefni hreppsnefndar.

Greiðsluþátttaka sveitarfélagsins er að hámarki 2% af þingfararkaupi fyrir hvern fulltrúa og er kostnaður greiddur að höfðu samráði við sveitarstjóra.

*7. gr.**Starfsaðstaða sveitarstjórnarfulltrúa*

Hver hreppsnefndarfulltrúi skal fá ferðatölvu til afnota til móttöku og meðferðar á skjölum tengdum störfum hreppsnefndar og sem notuð verður á fundum hennar. Tölvurnar eru með netkortum og uppsettum pósthúsum svo þær geti tengst internetinu og tekið á móti og sent tölvupóst. Tölvurnar

skulu þúnar helstu Office forritum. Sveitarfélagið sér um eðlilegt viðhald og uppfærslur þessara tölva. Hreppnefndarfulltrúar afhenda sveitarfélaginu þessar tölur þegar þeir láta af starfi, einnig býðst þeim að kaupa tölurnar á sanngjörnu verði.

### **III. kafli** **Laun fyrir nefndarstörf**

8. gr.

*Laun fyrir nefndarstörf skv. 2. gr.*

Fyrir hvern setinn fund fá aðalmenn greidd laun sem nemur 2% af þingfararkaupi og formenn nefnda 4%. Varamenn fá greidd 2% af þingfararkaupi. Skipi varamaður formannssæti á fundi skal hann fá greidd formannslaun fyrir setu sína á fundi.

Formenn nefnda hafa heimild til þess að sækja um kostnaðarþátttöku úr sveitarsjóði, til hreppsnefndar, vegna þátttöku nefndarfulltrúa í áriðandi fundum eða þingum vegna þeirra málefna sem þær hafa á sinni málefnastrá.

9. gr.

*Laun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga*

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega.

10. gr.

*Laun kjörstjórnar*

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir. Laun fyrir formennsku í kjörstjórn er 5.904 kr. per klst. Laun annarra kjörstjórnarfulltrúa er 3.707 kr. per klst. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag, frágang kjörgagna og skýrslugerð að kosningum loknum. Launafjárhæð skal uppreiknuð þann 1. janúar ár hvert og í fyrsta skipti 1. janúar 2023 og þá skal miða við breytingu launavísitölu frá 17. ágúst 2022.

### **IV. kafli** **Önnur ákvæði**

11. gr.

*Námskeið og símenntun*

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengjast störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Leita þarf samþykkis hreppsnefndar vegna kostnaðar sem hlýst af námskeiðssókn kjörinna hreppsnefndarfulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til hreppsnefndar með góðum fyrirvara og skal samþykki hennar liggja fyrir áður en til útgjalda er stofnað.

12. gr.

*Um ferðir og gistingu*

Akstur kjörinna fulltrúa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursbók eða reikningi. Fulltrúar fá greiddan akstur til og frá fundarstað utan sveitarfélagsins. Greitt er fyrir hvern ekinn km samkvæmt akstursgjaldi ríkisstarfsmanna sem ferðakostnaðarnefnd fjármála- og efnahagsráðuneytisins gefur út. Ávallt skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmasta hátt, t.d. með því að samnýta farartæki. Ekki er greitt fyrir uppihald og gistingu nema slíkt sé óhjákvæmilegt vegna fyrirkomulags þess atburðar sem viðkomandi er falið að sækja og þarf þá að leita samþykkis hreppsnefndar áður en til kostnaðar er stofnað.

### **V. kafli** **Gildistaka og endurskoðun**

13. gr.

*Gildistaka*

Samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps 17. ágúst 2022